

## AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hofsóskaupún,  
nr. 42 7. marz 1939.

61

4. apríl

Gjöld samkvæmt 16. gr. reglugerðarinnar innheimtist frá 1. maí 1941 og út það ár með 50% viðauka.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 24 13. janúar 1938, um hafnargerð á Hofsós og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. apríl 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

Staðfesting ráðuneytis Íslands, handhafa konungsvalds, á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður“, útgefin á venjulegan hátt ad man- 62  
datum af dóms- og kirkjumálaráðherra 8. apríl 1941. 8. apríl  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af kvenfélagi Fellsstrandarhrepps á 30 ára starfsafmæli Bjargar Magnúsdóttur, sem ljósmóður í Fellsstrandarhreppi, 19. dag maímánaðar árið 1940, með nokkrum hluta fjár þess, er konur innan ljósmóðurumdæmisins færðu henni sem heiðursgjöf á starfsafmæli hennar.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 200.00 — tvö hundruð krónur — sem ávaxta skal í Sparisjóði Dalasýslu eða annarri tryggri peningastofnun landsins.

4. gr.

Markmið sjóðsins er, að styrkja sængurkonur búsettar í Fellsstrandarhreppi. Stækki ljósmóðurumdæmið út yfir hreppstakmörk sem nú eru, ná styrkveitingar úr sjóðnum aðeins innan þeirra takmarka, sem Fellsstrandarhreppur hefur nú.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Lögskipuð ljósmóðir hreppsins, sem er sjálfkjörin og jafnframt formaður sjóðstjórnarinnar og tvær konur búsettar innan ljósmóðurumdæmisins, kosnar af kvenfélagi Fellsstrandarhrepps til þriggja ára í senn. Leggist kvenfélagið niður skal stjórnin kosin af konum búsettum í hreppnum. Engin kona

62 getur neitað að taka á móti kosningu eitt kjörtímabil, og svo aftur eftir jafnlangan tíma. Skylda ljósmóður umdæmisins er að sjá um, að stjórn sjóðsins sé á hverjum tíma fullskipuð.

6. gr.

Áskotnist sjóðnum einhverjar eignir, svo sem gjafir, áheit, eða á einhvern annan hátt, skulu þær eignir lagðar við höfuðstól sjóðsins, og lúta sömu lögum og reglum, sem þessi skipulagsskrá mælir fyrir.

7. gr.

Þegar sjóðurinn hefur vaxið svo, að ársvextir hans eru 40 kr., má fyrst veita fé úr sjóðnum, samkvæmt ákvæðum 4. greinar. Þó þannig, að aldrei má veita meiri upphæð á sama ári en nemur  $\frac{1}{2}$  ársvöxtum sjóðsins, þar til ársvextir hans eru fullar 80 krónur, þá má veita úr sjóðnum allt að  $\frac{3}{4}$  hlutum ársvaxtanna, en  $\frac{1}{4}$  hluti þeirra, skulu árlega leggjast við höfuðstólinn, þar til hann er fullar krónur 10000 — tíu þúsund krónur —, úr því má veita úr sjóðnum allt að  $\frac{1}{10}$  hluti ársvaxtanna. Þau ár, sem engin sængurkona sækir um styrk úr sjóðnum, eða stjórn hans álitur engan umsækjanda verðugan styrksins, leggjast allir ársvextir við höfuðstólinn. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók. Í gerðabókina skal færa inn skipulagsskrá þessa, allar fundargerðir stjórnarinnar, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Enn fremur allar eignir og ársreikninga yfir tekjur og útgjöld sjóðsins.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal stjórnin birta reikninga hans í Lögbirtingablaðinu eða því blaði, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar. Hreppsnefnd Fellsstrandarhrepps ber að kjósa tvo endurskoðendur reikninga sjóðsins á hverju ári og hafa eftirlit með, að skipulagsskrá þessari sé fylgt.

10. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari, sem verður birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

63

15. apríl

## REGLUGERÐ

### um fasteignaskatt til Siglufjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Fasteignaskatt skal greiða í bæjarsjóð Siglufjarðar af öllum fasteignum á lög-giltri verzlunarlóð Siglufjarðar, svo sem fyrir er mælt í reglugerð þessari.

2. gr.

- a. Af venjulegum íbúðarhúsum með lóðum, túnnum og görðum 0,4%.
- b. Af íbúðarhúsum, sem í er verzlun, skrifstofur, vinnustofur, verkstæði o. fl. þess háttar, enn fremur af öllum fasteignum síldarverksmiðja ríkisins 0,7%.
- c. Af óbyggðum lóðum 2%.
- d. Af síldarsöltunarstöðvum, frystihúsum, verksmiðjum og öllum öðrum fasteignum en þeim, sem um ræðir í a-, b- og c-lið, með lóð, 1%.